



Reykjavík 16. janúar 2012

Samtök atvinnulífsins sendu forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, bréf dags. 11. janúar sl. þar sem fjallað er um framgang mála í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga 5. maí 2011.

Í bréfinu¹ var yfirlit sem skýrði með einföldum hætti hvernig einstökum málum hefur reitt af. Ríkisstjórnin sendi fjölmiðlum um hæl yfirlit þar sem fram kemur hvernig hún telur að mál hafi gengið fram og nú hefur nýtt yfirlit verið útbúið og sent aðilum.

Mikið ber í milli um mat á framgangi fjölmargra mála.² Veigamest af öllu er að uppgangur í atvinnulífinu hefur ekki orðið eins og stefnt var að. Fjárfestingar í atvinnulífinu aukast ekki eins og þarf til þess að störfum fjölgi og atvinnuleysi minnki umtalsvert.

Verst er að ríkisstjórnin hefur haft afar takmarkaðan áhuga á ýmsum málum og lítið eða ekkert sinnt þeim. Nánast ekkert af því sem rakið er í IV. kafla yfirlýsingarinnar, „Sókn í atvinnumálum“, hefur orðið að veruleika. Þetta rýrir trúverðugleika ríkisstjórnarinnar í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og hefur skapað vantraust í garð hennar í röðum atvinnulífsins.

Samtök atvinnulífsins hafa lagt sig fram um að vinna með ríkisstjórninni til þess að stuðla að sköpun nýrra starfa og endurheimt lífskjara. Um það bera stöðugleikasáttmálinn frá júní 2009 vitni og samstarfið við ríkisstjórnina í tengslum við kjarasamningana 5. maí sl. en niðurstaða þess birtist í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Þrátt fyrir takmarkaðan árangur munu samtökin halda áfram að vinna með ríkisstjórninni og öðrum aðilum á vinnumarkaði að framgangi þeirra mála sem enn er unnið að á grundvelli yfirlýsingarinnar.

Samtök atvinnulífsins hafa treyst því að ríkisstjórnin vildi vinna að endurreisn atvinnulífsins og ná þjóðinni út úr kreppunni. Rétt er að minna á að AGS spáði í nóvember 2008 við gerð efnahagsáætlunarinnar með þáverandi ríkisstjórn að hagvöxtur á árunum 2011–2013 yrði 13,8%. Síðustu spár gera einungis ráð fyrir 7,7% hagvexti á þessum þremur árum og að landsframleiðslan verði um 100 milljörðum króna minni á árinu 2013 en spáð var.

¹Bréf SA til forsætisráðherra: Staða mála vegna opunarákvæða kjarasamninga: www.sa.is/frettir/nr/5418/

² Vanefndir á fyrirheitum ríkisstjórnarinnar: www.sa.is/frettir/almennar/nr/5423/

Það munar mikið um 100 milljarða króna minni verðmætasköpun árið 2013 þegar litið er til starfa, atvinnuleysis, lífskjara, skatttekna og afkomu ríkissjóðs. Skortur á fjárfestingum í atvinnulífinu er meginskýringin á því að ásættanlegur árangur næst ekki ásamt því að ríkisstjórnin hefur ekki sýnt raunverulegan vilja til þess að fjárfestingar aukist. Sérstaklega á þetta við um sjávarútveg og orkufrekan iðnað, helstu útflutningsgreinar Íslendinga. Eins hægir þetta á afkomubata ríkissjóðs.

Með hliðsjón af því hvernig til hefur tekist við framkvæmd yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana 5. maí sl. telja Samtök atvinnulífsins nú tilgangslaust að leita eftir nýjum loforðum frá ríkisstjórninni um framgang einstakra mála.

Virðingarfyllst.



Vilmundur Jósefsson



Vilhjálmur Egilsson